

**Ed. 670. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [173. mál]**

(Eftir eina umr. í Ed., 25. mar.)

Samhljóða þskj. 383 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Með sveitarfélögum er í lögum þessum átt við hreppa og kaupstaði.

Staðarmörk sveitarfélaga skulu vera hin sömu og nú eru, en ráðuneytið getur breytt þeim, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4.—8. gr. laga þessara, sbr. þó 3. gr.

5. gr. hljóðar svo:

Nú hefur íbúatala hrepps verið lægri en 100 samfellt í fimm ár, og er þá ráðuneytinu heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að sameina hreppinn þeim nágranna-hreppi í sömu sýslu, sem sýslunefnd telur eftir atvikum best henta.

Ef skuldir slíks hrepps eru svo miklar, að þær torveldi sameiningu hreppanna, má ráðuneytið verja fé úr Jöfnunarsjóði til greiðslu hluta þeirra, svo að eigi verði talið, að þær íþyngi hinum sameinuðu hreppum óeðlilega.

7. gr. hljóðar svo:

Ráðuneytið getur skipt hreppi, samkvæmt beiðni hreppsnefndar að fengnum meðmælum sýslunefndar, enda verði íbúatala hvors hrepps, eftir að skipt hefur verið, eigi lægri en 200.

Ráðuneytið ákveður hreppamörk, þegar skipt er samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr. hljóðar svo:

Ef ekki næst samkomulag um fjárreiður hreppa, þegar þeir eru sameinaðir eða þeim er skipt, samkvæmt 4., 6. og 7. gr. þessara laga, sker ráðuneytið úr ágreiningi.

12. gr. hljóðar svo:

Í hverju sveitarfélagi skal vera sveitarstjórn: í hreppum hreppsnefnd og í kaupstöðum bæjarstjórn, er í Reykjavík nefnist borgarstjórn.

Sveitarstjórn sér um, að hlutverk sveitarfélags, sbr. 10. gr., sé rækt, og annast öll málefni sveitarfélagsins.

13. gr. hljóðar svo:

Í hverri bæjarstjórn skulu vera níu bæjarfulltrúar, en haldast má þó óbreytt tala bæjarfulltrúa í kaupstöðum eins og nú er.

Ráðuneytinu er heimilt að breyta tölu bæjarfulltrúa, samkvæmt ósk hlutað-eigandi bæjarstjórnar, þó þannig, að þeir séu eigi færri en sjö og eigi fleiri en ellefu.

Í Reykjavík skulu borgarfulltrúar eigi vera færri en 15 og eigi fleiri en 27.

17. gr. hljóðar svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir  $\frac{3}{4}$  hlutar íbúanna eru búsettir í kaптúni, fara fram síðasta sunnudag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnudag, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta sunnu-dag júnímánaðar.

Nú ferst fyrir kosning til sveitarstjórnar á tilskildum tíma vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, kosning skal fram fara vegna skipta á sveitarfélagi, kjósa þarf í sveitarstjórn einn eða fleiri fulltrúa vegna varanlegra forfalla aðalmanna og varamanna, eða ef kjósa á bæjarstjórn, samkv. 33. gr. 2. mgr., og skal þá kosning fram fara svo fljótt sem við verður komið.

18. gr. hljóðar svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna hafa allir sem:

- a. eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram,
- b. eru islenskir ríkisborgarar, eða hafa jafnan rétt við þá,
- c. eru fjárráðir,

Að fullnægðum skilyrðum þessarar greinar, a—c, hefur hver þegn sveitarfélags kosningarrétt í sínu sveitarfélagi, sbr. 9. gr.

19. gr. hljóðar svo:

Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa í sveitarfélaginu.

Þeim, sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára, er skylt að taka við kjöri í sveitarstjórn.

Þeim, sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur, er þó ekki skylt að taka við kjöri, fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfleytt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn, að hann skorist undan endurkjöri.

20. gr. hljóðar svo:

Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa sæti á framboðslista, sem fengið hefur einn eða fleiri aðalmenn kjörna í sveitarstjórn. Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru. Séu varamenn ekki kosnir sérkosningu, eftir að atkvæði hafa verið talin við kosningu aðalmanna, þá er heimilt að láta kosninguna fara þannig fram, að kjósa- andi ritar á kjörseðil allt að tvöfalt fleiri nöfn en tala þeirra manna er, sem kjósa á sem aðalmenn. Réttkjörnir aðalmenn eru þeir, sem hljóta flest atkvæði. Þeir, sem hlotið hafa flest atkvæði næst á eftir aðalmönnum, eru réttkjörnir varamenn í þeirri röð, sem atkvæðatölur segja til um.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar aðalfulltrúar þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt varanlega frá því að eiga sæti í sveitarstjórn.

Nú forfallast aðalmaður, samkvæmt 2. mgr., sem átt hefur sæti á framboðs- lista, sem tveir eða fleiri stjórn málaflakkar stóðu að, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórn málaflakki og aðalmaður sá, sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð, sem þeir voru kosnir, án tillits til þess, hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórn málaflakki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í þegar kosning fór fram, taka varamenn listans sæti samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Nú forfallast aðalfulltrúi um stundarsakir vegna veikinda eða annars, og er honum þá rétt að tilnefna þann af varamönnum sínum, sem taka skal sæti hans á meðan. Hafi hann engan tilnefnt úr hópi varamanna, skal varamaður taka sæti hans samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

27. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur sveitarstjórnar- fulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

32. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdarstjórn sveitarfélaga annast borgarstjóri í Reykjavík, bæjarstjórar í öðrum kaupstöðum og oddvitar eða sveitarstjórar í hreppunum eftir því, sem nánar er mælt fyrir í kafla þessum.

Heimilt er borgarstjórn Reykjavíkur að ákveða, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík. Verði slík heimild notuð, skal störfum milli borgarstjórn- anna skipt með ákvæðum í reglugerð.

Ákvæði þessara laga um bæjarstjóra og bæjarráð gilda og um borgarstjóra og borgarráð í Reykjavík.

34. gr. hljóðar svo:

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn gerir, og annast yfirleitt framkvæmdir bæjarmálefna, nema bæjarstjórn hafi ákveðið annað um einstök mál.

Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og nefnda hennar, en hefur ekki atkvæðis- rétt, nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á bæjarstjórnar- og nefndarfundum. Ekki má kjósa hann í fastar nefndir, nema hann sé bæjarfulltrúi, en fela má honum formennsku slíkra nefnda.

40. gr. hljóðar svo:

Laun oddvita skulu vera 25 krónur fyrir hvern þegn hreppsins á ári og sé miðað við íbúaskrá 1. desember næsta ár á undan. Þá skal og oddviti njóta sams konar launahækkana og starfsmenn hljóta hjá ríkinu eða ríkisstofnunum.

Auk launa þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða oddvita innheimtulaun, 4% af innheimtum útsvörum og öðrum sveitargjöldum, sem honum ber að innheimta hjá gjaldendum hreppsins, nema sveitarstjórn ákveði annað.

43. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjóri fer með þau störf, sem oddvita eru falin, sbr. 39. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt. Eigi hefur hann atkvæðisrétt þar, nema hann sé einnig hreppsnefndarmaður.

Sveitarstjórn setur samþykkt, er ráðherra staðfestir, um starfssvið sveitarstjóra og laun, sem greiðast úr hreppssjóði.

46. gr. hljóðar svo:

Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins næsta reikningsár. Ráðuneytið getur veitt bæjarstjórnnum og sýslunefndir hreppsnefndum undanþágu frá þessu ákvæði, þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi, þó eigi lengur en til 31. marz næsta árs.

Ræða skal fjárhagsáætlun á tveim fundum með að minnsta kosti einnar viku millibili, sbr. þó 28. gr.

Fjárhagsáætlun, samkvæmt grein þessari, skal vera meginregla um upphæð gjalda í sveitarfélaginu og fjárstjórn þar á reikningsárinu.

47. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórn skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn sveitarfélagsins. Hún skal sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með. Sveitarstjórn skal og gæta þess, að peningaeign sveitarfélagsins sé haldið aðgreindri frá peningaeign sjóðshaldara eða annarra, og sjá um, að fé sveitarfélagsins sé ávaxtað og varðveitt á tryggum stað, eftir því sem við verður komið.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt sveitarstjórnar, má eigi greiða, nema til komi samþykki sveitarstjórnar, og enga greiðslu má inna af hendi nema með samþykki bæjarstjóra, sveitarstjóra eða oddvita, eftir því sem við á.

55. gr. hljóðar svo:

Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn. Bæjarstjórnir skulu kjósa tvo endurskoðendur og hreppsnefndir einn eða tvo endurskoðendur. Um leið skulu kosnir jafnmargir varaendurskoðendur.

Fulltrúar í sveitarstjórn eru eigi kjörgengir sem endurskoðendur eða varaendurskoðendur sveitarsjóðsreikninga, eða reikninga fyrirtækja, sem rekin eru af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn er heimilt að starfrækja sérstaka endurskoðunardeild eða fela endurskoðunarskrifstofu, sem félagsmálaráðuneytið hefur veitt viðurkenningu, að annast reikningslega endurskoðun reikninga sveitarfélagsins.

59. gr. hljóðar svo:

Að lokinni afgreiðslu ársreikninga samkvæmt 58. gr. skal senda Hagstofu Íslands eitt eintak af reikningunum í því formi, sem ákveðið hefur verið samkvæmt 53. gr. laga þessara.

Reikninga kaupstaðanna skal einnig senda til ráðuneytisins.

Sýslumaður annast skil þessi strax að afloknum aðalfundi sýslunefndar fyrir alla hreppa sýslunnar, en bæjarstjórar annast skil, hver fyrir sinn kaupstað.

Skil til ráðuneytisins og Hagstofu Íslands samkvæmt þessari grein skulu gerð fyrir 31. júlí ár hvert.

92. gr. hljóðar svo:

Hlutverk sýslufélaga er að annast:

- a. eftirlit með öllum fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun og úrskurðun ársreikninga þeirra svo og allra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum hreppanna,
- b. umsjón með því, að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum,
- c. setningu reglugerða um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimlanda á haustum til fjallskila og á vorum til rúnings, svo og að prentaðar séu eigi sjaldnar en 10. hvert ár skrár yfir fjármörk, og einnig hestamörk, þar sem þess þykir þörf,
- d. umsjón og stjórn vegamála, samkv. vegalögum, nr. 34/1947, lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr. 102/1933, og lögum um samþykktir um akfæra sýslu- og hreppavegi, nr. 38/1919,
- e. afskipti af forðagæzlu, samkv. VIII. kafla laga nr. 54/1957, eftirlit samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7/1953, og úrskurðun og greiðslu reikninga, samkv. lögum nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka,
- f. setningu byggingarsamþykkta fyrir sýsluna, samkv. lögum nr. 108/1945,
- g. álitserðir um mál, er varða einstaka hreppa eða sýsluna, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið fyrr en álitserðar sýslunefndar hefur verið leitað,
- h. tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra. Eru þeir tilnefndir, sem flest atkvæði fá, enda sé hlutfallskosning heimil. Sýslumaður skipar síðan einn hinna tilnefndu manna sem hreppstjóra,
- i. stjórn allra sveitarstjórnarmála, er varða sýsluna í heild, svo og tillögur um hvað eina, sem verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra hjargarskortí eða hallæri,
- j. önnur þau störf, er lög og reglugerðir mæla fyrir um.

95. gr. hljóðar svo:

Sýslunefndarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum.

Ákvæði 16.—19. gr. laga þessara gilda, eftir því sem við á, um kosningu sýslunefndarmanna.

Við kosningu til sýslunefndar er heimilt að viðhafa framboð. Við slíka kosningu gilda reglur um hlutfallskosningar til sveitarstjórna, eftir því sem við getur átt.

102. gr. hljóðar svo:

Oddviti sýslunefndar er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga og annast öll bréfaviðskipti á vegum hennar. Hann ávaxtar innstæðufé sýslunnar á öruggan hátt og geymir skuldabréf og annast um aðrar eignir sýslufélagsins.

Oddvita ber að sjá um, að öll störf, sem sýslunefnd á að annast, sbr. 92. gr., séu tilhlýðilega unnin.

110. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Frá sama tíma eru úr gildi felld eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, 1.—8. gr., 17. gr., 3. málsgr. 27. gr., 30.—36. gr.

Lög nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.

Lög nr. 69 27. júní 1921, um hreppskilabing.  
Sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.  
Lög nr. 19 14. febrúar 1951, um sveitarstjóra.  
Tilskipun, 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.  
Lög nr. 22 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.  
Lög nr. 83/1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað.  
Lög nr. 67 14. nóvember 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 2.—31. gr.  
Lög nr. 61 28. nóvember 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 3.—29. gr.  
Lög nr. 33 14. júní 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 2.—21. gr.  
Lög nr. 26 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 3.—33. gr.  
Lög nr. 58 28. nóvember 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918,  
um bæjarstjórn á Siglufirði, 2.—34. gr.  
Lög nr. 48 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað, 5.—22. gr.  
Lög nr. 45 27. júní 1941, um bæjarstjórn á Akranesi, 5.—23. gr.  
Lög nr. 60 31. október 1944, um bæjarstjórn í Ólafsfirði, 5.—22. gr.  
Lög nr. 57 24. maí 1947, um bæjarstjórn á Sauðárkróki, 4.—21. gr.  
Lög nr. 17 22. marz 1949, um bæjarstjórn í Keflavík, 5.—22. gr.  
Lög nr. 109 30. desember 1949, um bæjarstjórn í Húsavík, 4.—21. gr.  
Lög nr. 30 11. maí 1955, um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, 4.—22. gr.